*Frá skrifstofu forseta Íslands*

*Við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, 1. janúar 2018, sæmdi forseti Íslands tólf Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Þeir eru:*

1. Albert Albertsson fyrrverandi aðstoðarforstjóri Hitaveitu Suðurnesja, Reykjanesbæ, riddarakross fyrir framlag á vettvangi jarðhitanýtingar
2. Álfrún Gunnlaugsdóttir rithöfundur og fyrrverandi prófessor, Seltjarnarnesi, riddarakross fyrir framlag til íslenskra bókmennta og kennslu bókmennta á háskólastigi
3. Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar leiklistar
4. Gunnar V. Andrésson ljósmyndari, Mosfellsbæ, riddarakross fyrir störf á vettvangi íslenska fjölmiðla
5. Halldóra Björnsdóttir íþróttafræðingur, Mosfellsbæ, riddarakross fyrir framlag til heilsuverndar og lýðheilsu
6. Haukur Ágústsson fyrrverandi skólastjóri, Akureyri, riddarakross fyrir framlag á vettvangi skólamála og fjarkennslu
7. Lárus Blöndal forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Garðabæ, riddarakross fyrir störf í þágu íþróttahreyfingarinnar
8. Ólafur Dýrmundsson fyrrverandi ráðunautur, Reykjavík, riddarakross fyrir störf á vettvangi íslensks landbúnaðar
9. Ólöf Nordal myndlistarmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar myndlistar
10. Sigfús Kristinsson trésmíðameistari, Selfossi, riddarakross fyrir framlag til atvinnulífs og iðnmennta í heimabyggð
11. Sigþrúður Guðmundsdóttir forstöðukona Kvennaathvarfs, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að velferð og öryggi kvenna
12. Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til samhjálpar og baráttu gegn fátækt í samfélaginu